

Borgarstjórn
20. desember 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um greiningu og aðgerðir vegna stöðu reykvískra nemenda

Borgarstjórn samþykkir að til að bæta stöðu reykvískra nemenda í Pisakönnuninni verði efnt til víðtæks samstarfs og greiningarvinnu til að styrkja kennsluhætti í þeim þremur námsgreinum sem könnunin nær til. Í því skyni verði hafnar viðræður við menntamálaráðuneytið, menntastofnanir sem sinna rannsóknum á þessu sviði sem og alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins; kennara, skólastjórnendur, foreldra og foreldrasamtök um leiðir til úrbóta. Skóla- og frístundasviði verði falið að hefja þessa vinnu sem fyrst.